



Reglugerð um keppnisráð AKÍS

GREIN 1 SKIPAN

1.1 Keppnisráð skal skipa fyrir hverja akstursíþróttagreina samkvæmt lögum AKÍS. Þær eru nú:

1.1.a Drift;

1.1.b Hringakstur (kappakstur, tímaat, þolakstur, þrautaat, gokart);

1.1.c Rally (sérleiðarally, nákvæmnisakstur, sparakstur);

1.1.d Rallycross (rallycross, crosscart);

1.1.e Spyrna (kvartmíla, sandspyrna, götuspyrna);

1.1.f Torfæra.

1.2 Rafíþróttir hveirrar akstursíþróttagreinar heyra undir viðkomandi keppnisráð.

1.3 AKÍS er heimilt að bæta við keppnisráðum eða fella þau niður eftir þörfum.

1.4 Skipan í keppnisráð fer fram með þeim hætti að:

1.4.a keppnishaldari sendir AKÍS upplýsingar um nýjan aðila, útskiptingu á sitjandi aðila eða niðurfellingu fyrri skipunar;

1.4.a.i að uppfylltum skilyrðum er keppnishaldara heimilt að skipa einn aðila í hvert keppnisráð;

1.4.b AKÍS gerir viðeigandi breytingar á skráningu ráðsins og sendir keppnishaldara staðfestingu á skipaninni;

1.4.c stjórn AKÍS skipar fulltrúa í keppnisráð ef þörf þykir.

1.5 Heimilt er að skipta út skipuðum fulltrúa.

1.6 Hver einstaklingur skal aðeins sitja í einu keppnisráði hverju sinni.

1.7 Eigi fulltrúi í keppnisráði hagsmuna að gæta í máli sem ráðið fjallar um ber honum að víkja sæti í því máli.

1.8 Stjórn AKÍS heldur lista yfir þá sem sitja í keppnisráðum hverju sinni.

1.9 Þegar réttur keppnishaldara til setu í keppnisráði fellur niður lýkur skipan fulltrúa hans við næsta formannafund.

GREIN 2 HLUTVERK

2.1 Keppnisráði hveirrar greinar ber að:

2.1.a semja, breyta, fella út og laga að þörfum, reglur fyrir þær keppnisgreinar sem undir það heyra;

2.1.b skila reglum til regluráðs AKÍS til yfirferðar og samræmingar;

2.1.c taka til umfjöllunar, svo fljótt sem kostur er, erindi sem því berast frá regluráði AKÍS;

2.1.b skila reglum sem gilda munu á komandi keppnistímabili til regluráðs í síðasta lagi 14 dögum fyrir formannafund AKÍS;

2.1.c kynna breytingar á reglum, ef einhverjar eru, og annað sem máli skiptir varðandi starf ráðsins á formannafundi AKÍS;

2.1.d ákveða hvort keppnisfyrirkomulag Íslandsmóts skuli vera ein keppni eða margar;

2.1.e ákveða hvort keppni í móti skuli hafa aukið vægi vegna aukins umfangs;

2.1.f stuðla að bættu öryggi allra sem þær akstursíþróttir stunda sem undir ráðið heyra með fræðslu og endurskoðun reglna eða verkferla eftir því sem kostur er;

2.1.g hafa umsjón með námskeiðum og gerð fræðsluefnis fyrir staðreyndadómara í sínum greinum eftir því sem við á;

2.1.h votta hæfi staðreyndadómara sem þekkir til allra reglna og fræðsluefnis og stenst þær kröfur sem settar eru fram í tengslum við hverja keppnisgrein eftir þörfum;

2.1.i skila tillögum til stjórnar AKÍS varðandi val á akstursíþróttamanni og akstursíþróttakonu ársins samkvæmt reglum þar um;

2.1.j vera stjórn AKÍS innan handar ef taka þarf ákvörðun um breytingar á keppnisdagatali;

2.1.k hlusta eftir og hafa samráð við keppendur og keppnishaldara um þarfar breytingar;

2.1.l halda fundi sem hér segir:

2.1.l.i þegar fyrir liggja þarfar breytingar á reglum;

2.1.l.ii ef meirihluti keppnisráðs óskar eftir því;



Reglugerð um keppnisráð AKÍS

2.1.l.iii óski stjórn AKÍS eftir því með dagskrá að ráðið haldi fund.

2.1.m tryggja að fundargerðir séu ritaðar gegnum fundargerðagátt á vefsíðu AKÍS.

2.2 Keppnisráði er heimilt að aðstoða dómnefnd keppni við túlkun reglna sé eftir því leitað.

GREIN 3 SAMSKIPTI

3.1 AKÍS heldur lista yfir netföng þeirra sem sitja í keppnisráðum hverju sinni.

3.2 Samskipti AKÍS við keppnisráðin eru með tölvupósti.

3.3 Keppnisráðin geta fengið aðgang að samskiptasvæði á samfélagsmiðli á vegum AKÍS ef þau kjósa að nýta sér þá leið til samskipta innan ráðsins.

3.3.a Við mannbreytingar í keppnisráði er samskiptasvæðið endurnýjað nema allir aðilar keppnisráðsins óski eftir að það sé ekki gert.

3.4 AKÍS úthlutar hverju keppnisráði netfang @akis.is sem allir geta notað til að koma erindum til ráðsins.